

Kennari: Haukur Hilmarsson

Tímaflokki: 6

Kennslufyrirkomulag: Smíðjur í 7. bekk.

Hönnun og smíði

Hönnun og smíði sem námsgrein á sér langa sögu. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfá einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Auk þess er lögð áhersla á handverk, menningu og tengsl við verklegt framhaldsnám. Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Hann öðlast þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómsundur eða heimilishald. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Nemandinn hefur þannig áhrif á umhverfi sitt og er um leið hvattur til að sýna umhverfinu nærgætni og virðingu.

Í hönnun og smíði fléttast saman sköpun, læsi og sjálfbærni á áþreifanlegan hátt sem hjálpar nemandanum að skilja merkingu hugtakanna.

Hæfniviðmiðum í hönnun og smíði er skipt upp í þrjá efnisflokka, handverk, hönnun og tækni, og umhverfi, og eru þeir megináherslusvið greinarinnar. Flokkarnir tengjast þó allir innbyrðis.

Lögð er áhersla á að nemendur læri rétta notkun hlífðarbúnaðar og þekki hugtakið vinnuvernd.

Hönnun og smíði

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemendur geti:</i>	Leiðir:
Hönnun, smíði og samsetning	- Efni af vef - Ýmsar handbækur og blöð	-Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki. -Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð. -Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað. -Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni. -Gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni. -Lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu. -Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar. -Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði. -Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki verkgreina.	- Sýnikennsla í hópi - Nemendur vinna einstaklingsverkefni í samræmi við þroska þeirra og getu - Sköpunarþörf og sjálfstæði nemandans fá að njóta sín
Námsmat	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti		

